



KENNASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Félag framhaldsskólakennara
B.t. Guðríðar Arnardóttur, formanns
Laufásvegi 81
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. september 2016

Efni: Aukaaðalfundur

Formaður Félags framhaldsskólakennara (FF) leitaði til undirritaðrar og óskaði eftir álitum á hvort heimilt væri að halda aukaaðalfund, kjósa nýja stjórn í Vísindasjóð FF á slíkum fundi og hvort slíkur fundur gæti verið rafrænn.

Reglur sem gilda um FF

FF er félagsskapur sem flokkast undir almenn félagsamtök. FF er aðildarfélag Kennarasambands Íslands (KÍ) sem er eitt stéttarfélag.

Ekki er í gildi nein heildarlöggjöf um féлагаformið almenn félagsamtök á Íslandi, eins og er t.d. í gildi varðandi féлагаformin einkahlutafélög, hlutafélög og sameignarfélag.

Við mat á því hvaða reglur gilda um FF verður því m.a. að skoða lög KÍ, lög FF og almennar reglur félagaréttar.

Lög og reglur KÍ

Fram kemur í 1. gr. laga KÍ að FF sé aðildarfélag innan KÍ.

Þá kemur fram í 9. gr. laganna að:

„Hvert aðildarfélag setur sér lög og kys stjórn, samninganefnd og skólamálanefnd. Stjórnir aðildarfélaga skulu skipaðar allt að sjö manns, með formanni. Kosning skal fara fram í samræmi við lög hvers félags. Aðildarfélag skulu senda stjórn KÍ afrit af lögum sínum til staðfestingar innan fjögurra vikna frá aðalfundi. Stjórn KÍ skal ganga úr skugga um að lög félags brjóti ekki í bága við lög KÍ. Stangist lög aðildarfélags á við lög KÍ gilda lög KÍ.“

Í lögum aðildarfélaga KÍ skal kveðið á um skipulag deilda og svæðafélaga. Formenn aðildarfélaga í KÍ hafa yfirumsjón með rekstri þeirra og bera þeir ábyrgð á öllum málaflökkum, þar með talin starfsemi á sviði skóla- og kjaramála. Þeir fara hver um sig með umboð sambandsins gagnvart undirbúningi, gerð og undirritun viðuræðuáætlana, kjarasamninga og um önnur mál er tengjast samningsviðinu.“

Fjallað er um aðalfundi aðildarfélaga í 12. gr. laganna:

„Aðalfundir aðildarfélaga skulu haldnir fjórða hvert ár í tengslum við þing Kennarasambands Íslands. Ekki skulu líða meira en sex mánuðir milli þings KÍ og aðalfundar félags.“

Á aðalfundi skulu m.a. tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla fráfarandi stjórnar og reikningar,
2. kosning/lýst kjöri nýrrar stjórnar,
3. kosning í fastanefndir og aðrar trúnaðarstöður félagsins skv. lögum þess eða ákvörðun aðalfundar,
4. lagabreytingar,
5. önnur mál.

Kostnaður vegna aðalfunda aðildarfélaga greiðist af viðkomandi félagi.“

Fjallað er um þing og ársfundi KÍ í 16. gr. Þar kemur fram að þing hafi æðsta vald í málum KÍ sbr. þó 33. gr. laga KÍ. Einnig kemur fram að stjórn sé heimilt að boða til aukapings um sérstök mikilvæg málefni. Aukaping skal boða með dagskrá með fjögurra vikna fyrirvara.



KENNASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Lög og reglur FF

Núgildandi lög FF voru samþykkt á aukaaðalfundi 19. september 2014.

Fjallað er um aðalfund FF í 7. gr. laga FF. Þar stendur:

„Aðalfundur Félags framhaldsskólakennara skal haldinn fjórða hvert ár. Halda skal aðalfund félagsins innan sex mánaða fyrir eða eftir þing Kennarasambands Íslands. Aðalfundur hefur æðsta vald í málum félagsins, sbr. þó 24. gr. þessara laga.

Á aðalfundi eiga sæti og með atkvæðisrétti stjórn, samninganefnd, skólamálanefnd, kjörstjórn FF, einn fulltrúi frá hverri félagsdeild með allt að 50 félagsmenn og einn fulltrúi til viðbótar fyrir hverja byrjaða 50 félagsmenn deildarinnar umfram þá tölu. Kjörtímabil þeirra er á milli reglulegra aðalfunda. Þar sem ekki er starfandi félagsdeild skulu félagsmenn FF á vinnustaðnum kjósa úr sínum hópi fulltrúa skv. nánari ákvörðun kjörstjórnar FF og stjórnar FF, sbr. 9. grein laga félagsins.

Til aðalfundar skal boðað bréflaga með a.m.k. 6 vikna fyrirvara. Tillögur til umfjöllunar á aðalfundi þurfa að berast stjórn félagsins eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund, sbr. þó 25. gr. laga félagsins. Aðalfundargögn skulu send út með minnst þriggja vikna fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Aðalfundur félagsins er opinn öllum félagsmönnum.“

Þá er fjallað um dagskrá aðalfundar í 8. gr. laga FF:

„Á dagskrá aðalfundar skulu a.m.k. vera þessir liðir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningar félagsins og Vísindasjóðs FF og FS.
3. Kjöri nýrrar stjórnar lýst.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning tveggja félagslegra skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
6. Kosning fulltrúa í samninganefnd.
7. Kosning formanns skólamálanefndar.
8. Kosning tveggja fulltrúa og eins til vara í stjórn Vísindasjóðs.
9. Kosning kjörstjórnar.
10. Kosning uppstillingarnefndar og í önnur trúnaðarstörf sem aðalfundur ákveður.
11. Fjárhagsáætlun fyrir næsta kjörtímabil.
12. Önnur mál.
13. Stjórnarskipti.“

Kveðið er á um fulltrúafundi í 10. gr. laga FF. Þar kemur fram að verði breytingar á fulltrúaskipan í stjórnnum, nefndum og ráðum á kjörtímabili fulltrúa kýs fulltrúafundur FF þá fulltrúa sem upp á vantar.

Kveðið er á um hlutverk stjórnar og skipan fulltrúa FF í stjórnir sjóða KÍ í 13. gr. laga FF:

„Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess milli aðalfunda og ber ábyrgð á allri starfsemi þess. Formaður ber ábyrgð á daglegri starfsemi félagsins og hefur yfirlit með rekstri þess. Varaformaður er staðgengill formanns. Stjórn er heimilt að skipa nefndir til að vinna að skilgreindum verkefnum.

Stjórn félagsins tilnefnir skoðunarmenn reikninga Kennarasambands Íslands úr hópi kjörinna félagslegra skoðunarmanna reikninga auk þess sem hún tilnefnir fulltrúa félagsins í kjörstjórn Kennarasambandsins



KENNASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

úr hópi kjörinna fulltrúa í kjörstjórn félagsins. Stjórn félagsins skipar einnig fulltrúa félagsins í stjórnir sjóða Kennarasambands Íslands en þá eingöngu á grundvelli og í samræmi við niðurstöðu undangenginnar kosningar úr röðum framboða félagsmanna á aðalfundi félagsins.

Stjórn félagsins sinnir kynningarmálefnum félagsins sem felst m.a. í því að efla umræðu um framhaldsskóla og starf þeirra, styrkja stöðu og ímynd framhaldsskólakennara og skipuleggja kynningar fyrir félagsmenn.“

Fjallað er um stjórn Vísindasjóðs í 21. gr. laga FF en þar stendur:

„Á aðalfundi félagsins skal kjósa tvo fulltrúa í stjórn Vísindasjóðs og einn til vara skv. lögum félagsins.

Vísindasjóður er sameiginlegur sjóður félagsmanna Félags framhaldsskólakennara og félagsmanna Félags stjórnenda í framhaldsskólum og er tilgangur hans að stuðla að sýmenntun þeirra.

Fjárframlög til sjóðsins eru kjarasamningsbundin iðgjöld vinnuveitenda af launum félagsmanna.

Sjóðsstjórn er skipuð fulltrúum FF og FS sem skipta með sér verkum.

Hlutverk sjóðsstjórnar er að hafa umsjón með fjármunum sjóðsins, setja sjóðnum úthlutunarreglur, endurskoða þær og afgreiða styrki til félagsmanna skv. þeim úthlutunarreglum sem gilda hverju sinni.

Sjóðsstjórn setur nánari verklagsreglur fyrir starfsemi sjóðsins í samstarfi við stjórnir FF og FS. Verklagsreglum sjóðsins er einungis hægt að breyta að fenginni staðfestingu stjórnna FF og FS.“

Lög og reglur Vísindasjóðs FF

Aukaaðalfundur

Lög FF fjalla aðeins um aðalfund en ekki aukaaðalfund. Eins og að ofan greinir skal aðalfundur haldinn fjórða hvert ár sbr. 7. gr. laganna og að halda skuli aðalfund félagsins innan sex mánaða fyrir eða eftir þing KÍ. Ætla má að framangreind skilyrði séu lágmarksskilyrði um hvenær skuli halda aðalfund. Það er ekkert í lögnum sem bannar að halda aðalfund (aukaaðalfund) oftari en á fjögurra ára fresti ef stjórn FF telur þörf á.

Við túlkun á lögum FF ber einnig að líta til laga KÍ en þar kemur fram í 16. gr. að þing hafi almennt æðsta vald í málum KÍ og að stjórn sé heimilt að boða til aukafings um sérstök mikilvæg málefni. Þá kemur fram í 9. gr. laga KÍ að stangist lög aðildarfélaga (þar með FF) á við lög KÍ þá gildi lög KÍ. Við þetta má bæta að almennt hefur verið litið svo á í félagarétti að æðsta valdeining félags geti ávallt komið saman og tekið gildar ákvarðanir sé löglega boðað til slíks fundar og mál borin upp í samræmi við lög viðkomandi félags. Sem dæmi má nefna að skv. 60. gr. laga um einkahlutafélög má boða aukafund þegar félagsstjórn telur þess þörf. Fram kemur í 85. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 að það skuli halda aukafund þegar félagsstjórn telur þess þörf. Þá kemur fram í 10. gr. laga um sameignarfélag að stjórnarmenn geti boðað til félagsfundar í því skyni að fá tiltekið mál til meðferðar. Þrátt fyrir að framangreind lög gildi almennt ekki um félagsskap eins og FF gefa þau ákveðna vísbendingu um almennan félagarétt. Þá ber að hafa í huga að aðalfundur er æðsta vald í málefnum FF og það verður eðli málsins að vera hægt að kalla til aðalfundar oftari en á fjögurra ára fresti. Við þetta má bæta að kjörtímabil aðalfundafulltrúa (fulltrúar frá félagadeildum) skv. 7. gr. laga FF er á milli reglulegra aðalfunda. Ætla má að kjörtímabilið sé svo langt einmitt svo hægt sé kalla þá saman og halda aukaaðalfundi ef þörf krefur.

Verður því að ætla að á grundvelli almennra reglna félagaréttar, laga KÍ, venju og eðli málsins samkvæmt sé stjórn FF heimilt að boða til aukaaðalfundar FF um þau mál sem stjórn FF telur mikilvæg málefni. Þar



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

sem ekki er tekið fram í lögum með hvaða fyrirvara skal boða slíkan fund verður að telja eðlilegt að boða hann með sama fyrirvara og aðalfund, þ.e. 6 vikna fyrirvara sbr. 7. gr. laga FF. Aðalfundargögn skulu send út með minnst þriggja vikna fyrirvara.

Aukaaðalfundur er bær til að taka allar þær ákvarðanir sem aðalfundur getur tekið að því gefnu að hann sé lögmætur. Aukaaðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað sbr. 7. gr. laga FF.

Æskilegt væri að lög FF kvæðu á um aukaaðalfund og að til hans mætti boða með skemmri fyrirvara en almennan aðalfund, t.d. fjögurra vikna fyrirvara sbr. lög um KÍ. Það verður að gera ráð fyrir að brýn mál geti komið upp sem stjórn gæti þótt eðlilegt að fjalla um með skemmri fyrirvara en fyrir aðalfund.

Kosning í stjórn Vísindasjóðs FF

Eins og að framan greinir skal kjósa fulltrúa í stjórn Vísindasjóð á aðalfundi sbr. 8. og 21. gr. laga FF. Þá kemur fram í 13. gr. laga FF að stjórn félagsins skipi fulltrúa félagsins í stjórnir sjóða KÍ á grundvelli og í samræmi við niðurstöðu undangenginnar kosningar úr röðum framboða félagsmanna á aðalfundi FF. Ætla má af framangreindu að stjórn FF skipi fulltrúa í Vísindasjóð til samræmis við niðurstöðu undangenginnar kosningar á aðalfundi FF.

Ekki er kveðið á um það sérstaklega í lögum FF til hversu langs tíma fulltrúar í stjórn Vísindasjóðs eru kosnir en ætla má að kjörtímabili þeirra ljúki almennt þegar nýir fulltrúar Vísindasjóðs hafa verið skipaðir af stjórn FF að undangengnum kosningum.

Heimilt er að kjósa fulltrúa í stjórn Vísindasjóðs á aukaaðalfundi hafi fundurinn verið löglega boðaður sbr. 7. gr. laga FF og hafi það verið tekið fram í dagskrá aukaaðalfundar að kosnir verði tveir fulltrúar og einn til vara í stjórn Vísindasjóðs.

Verði breyting á fulltrúaskipan í Vísindasjóði á kjörtímabili fulltrúa (milli aðalfunda þ.m.t. milli aukaaðalfunda og aðalfunda) kys fulltrúafundur FF þá fulltrúa sem uppá vantar sbr. 10. gr. laga FF.

Ákveði stjórn FF að boða til kosninga í stjórn Vísindasjóðs á aukaaðalfundi ber henni að tilkynna uppstillinganefnd um fyrirhugaða kosningu svo henni gefist kostur á að leggja fram tillögur um frambjóðendur til kjörs í stjórn Vísindasjóðs sbr. 22. gr. laga FF.

Rafrænn aukaaðalfundur

Hvorki lög KÍ né lög FF kveða á um hvort aðalfundur geti farið fram með rafrænum hætti. Ætla má að þar sem hvorki er kveðið á um í lögum KÍ né FF að aðalfundur megi ekki fara fram með rafrænum hætti þá geti stjórn FF ákveðið að aðalfundur eða aukaaðalfundur geti farið fram að hluta eða fullu leyti með rafrænum hætti, þannig að þeir sem eiga rétt til þátttöku og greiðslu atkvæða geti fylgst með fundinum með rafrænum búnaði, tekið þátt og greitt atkvæði án þess að vera á staðnum.

Stjórn FF ákveður hvaða kröfur skuli gerðar til tæknibúnaðar til aðalfunda og aukaaðalfunda sem haldnir eru rafrænt að hluta eða öllu leyti. Telja verður að lágmarksskilyrði séu þó að fundurinn geti farið fram á öruggan hátt og að þau tæki og tækni sem eru notuð séu þannig að það sé tryggt sé að þeir sem eiga rétt til að fylgjast með fundinum, taka til máls og greiða atkvæði geti gert það með öruggum hætti. Þá þarf tæknibúnaðurinn einnig gera það kleift að staðfesta með öruggum hætti hverjir sækja fundinn og hvaða atkvæðarétt þeir hafa auk niðurstöðu atkvæðagreiðslu.

Til að gæta jafnræðis og tryggja þátttöku er eðlilegt að taka fram í fundarboði ef fundurinn fer fram að hluta eða öllu leyti með rafrænum hætti.



KENNASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Ákveði stjórn FF að halda aðalfund eða aukaaðalfund að fullu eða að hluta til með rafrænum hætti gæti hún haft lög um hlutafélög nr. 2/1995 til hliðsjónar þótt þau hafi ekki beint lagagildi fyrir FF, en þar er m.a. fjallað um rafræna hluthafafundi.

Samantekt

Stjórn FF er heimilt að boða til aukaaðalfundar sem getur farið fram að hluta eða öllu leyti með rafrænum hætti. Aukaaðalfundur getur m.a. kosið fulltrúa í stjórn Vísindasjóðs FF sé fundurinn löglega boðaður og það komi fram í dagskrá fundarins að þar fari fram kosning tveggja fulltrúa og eins til vara í stjórn Vísindasjóðs.

Verði kosnir nýir fulltrúar í Vísindasjóð víkja núverandi fulltrúar úr stjórn Vísindasjóðs, hafi þeir ekki hlotið kosningu, þegar stjórn FF hefur skipað hina nýju fulltrúa að undangenginni framangreindri kosningu á aðalfundi/aukaaðalfundi FF.

Virðingarfyllt,

Anna Rós Sigmundsdóttir

Anna Rós Sigmundsdóttir
Lögfræðingur Kennarasambands Íslands